



Umhverfisstjórnun Þjósársvæðis

1. Tilgangur og umfang

Að lýsa vöktun og rekstrarstýringu umhverfispátta Þjósársvæðis.

2. Ábyrgð

Stöðvarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd umhverfismála á Þjósársvæði .

3. Vöktun umhverfispátta

3.1 Vöktunaráætlun

Hvað er vaktað	Vöktunaraðferð og skráning	Tíðni vöktunar	Viðmið	Ábyrgð
Vatnsstýring: {...}	Kerfiráður	Síritun	Sjá kafla 4.1 og Markmið orkusviðs A-43	{...} Stöðvarstjóri OAP.
Eiturefni og varasöm efni	Listi á Gagnatorgi og GB	Árlega		Stöðvarstjóri OAP
Spilliefni	Grænt bókhald	Sjá GB	Uppfylla lög og reglugerðir	Stöðvarstjóri OAP
Almennur úrgangur	Grænt bókhald	Sjá GB	Sjá markmið A-41	Stöðvarstjóri OAP
Eldsneytistankar	Verkefni í DMM OAP-Þrýstiprófa olútanka	5 ár	Uppfylla lög og reglugerðir	Stöðvarstjóri OAP
Olíuskiljur	Verkefni í DMM U_Olíuskiljur bygginga OAP	12 mánaða fresti	{...} 0 leki	Stöðvarstjóri OAP
Rotþrær og lagnir	Verkefni í DMM OAP - Kanna ástand rotþróa.	12 mánaða fresti	Sjá DMM	Stöðvarstjóri OAP
Losun SF ₆ frá rafbúnaði	Grænt bókhald	Sjá GB	{...} 0 leki	Stöðvarstjóri OAP
Vatnsból	Verkefni í DMM OAP-efirlit	Sjá DMM	Sjá DMM	Sjá DMM
Rof og setmyndun	Focal OAP-ISO 14001 Og GUMI	Árlega	Vakta breytingar	{...} Stöðvarstjóri OAP
Námur ,	Sjá Gæðaskrá OAP:	5 ár	Þekkja til	{...}

haugsvæði og urðunarstaðir	"Umhverfismál Þjósársvæði"		staðsetninga og ástands	Stöðvarstjóri OAP
Landgræðsla	Grænt bókhald	Árlega	Ráðgjöf Sjá Samst.samning	Stöðvarstjóri OAP

4. Stýring umhverfispáttá

4.1 Vatnsstýring

Sjá LEI-72 "Fastbundnar takmarkanir á Þjósársvæði" og EYD-24 "Tilkynning um tímabundnar takmarkanir í rekstrí" vistað í rafrænu skjalakerfi LV. Sjá einnig VKL-37 frá VFR "Eftirlit með stíflum og vatnsvegum" ásamt VIN-47-38, 93, 94, 39, 40, og 41 sem eiga við einstök svæði OAP og ná til grunnvatns, leka, sigmælinga, sjónræns mats og óvæntra atvika. Þá er markmið orkusviðs A-43 að vatnsstýring sé innan settra marka.

4.2 Eitur- spilli- og hættuleg efni

4.2.1 Innkaup eiturefna / hættulegra efna {...}

Innkaup á eitur- og hættulegum efnum fer fram gegnum innkaupakerfi fyrirtækisins {...} Upphafsmáður innkaupa tryggir að fyrir hendi séu öryggisleiðbeiningar fyrir efnið á innra neti Landsvirkjunar. Í lok árs er gerð könnun á magni eitur- og hættulegra efna á svæðinu. Viðhaldsstjóri sér um að láta skrá niðurstöður í töflu sem vistuð er á Gagnatorgi á innra neti Landsvirkjunar undir Umhverfismál, merkt Þjósársvæði. {...}

4.2.2 Geymsla

Olíuvörur eru að jafnaði geymdar í rýmum þar sem leki fer um olíugildir sé þess ekki kostur og magn gefur tilefni til skal nota lekavörn. Ef óhapp verður við meðhöndlun olíu skal gripið strax til ráðstafana skv. LEI-195 "Viðbragðsáætlun vegna olíumengunnar á Þjósársvæði".

Gas, súr, og SF6 kútar, eru geymdir í sérstakri gasgeymslu í Skemmu 2 Búrfelli. Spilliefnatrog eru í olíuherbergjum stöðva, á verkstæði og í Skemmu 2 Búrfelli. Málningarvörur, og hreinsiefni eru einnig staðsett í olíu og ræstiherbergjum stöðva og á nokkrum öðrum stöðum í veitu- og þjónustuhúsum, sjá rafræna skrá í skjalavistunarkerfi LV yfir staðsetningu efna: [Notes Link](#).

4.2.3 Flutningur

Ávallt skal gæta ítrustu varkárni við flutning hættulegra efna / spilliefna innan svæðis sem utan. Tryggja skal að flutningsaðilar hafi þartilskilin réttindi. Ef óhapp verður við flutning olíu skal strax gripið til ráðstafana skv. LEI-195 „ Viðbragðsáætlun vegna olíumengunnar á Þjósársvæði”.

4.2.4 Flokkun, söfnun og skil spilliefna

Spilliefnum og hættulegum efnum sem farga á er safnað saman í tunnur eða spilliefnakör (**staðsett í olíuherbergjum stöðva, Skemmu 2 Búr, gám á útilager og á bilaverkstæði Búr**) og komið í förgun hjá viðurkenndum aðila eftir þörfum, vegin og skráð samkvæmt skilgreindum nöfnum og númerum í grænt bókhald.

Olíuúrgangur dælanlegur (A og H flokkur)

- Véla-, gír- smurolíum og allri annari úrgangsolíu ásamt frostlegi sem fellur til á svæðinu er safnað saman í tunnur.

- Olía og vatnsblönduð olía/eðja úr olíuskiljum.

Olíuúrgangur ódælanlegur (A-flokkur)

- Olíusíum er safnað saman í spilliefnakör.
- Olíumenguðum tvist, sagi, ísogspylsum / mottum er safnað saman í spilliefnakör.

Leifar af Málningavörum, hreinsiefni ofl.(H, B, T og X flokkar)

Eftirtöldum efnum er safnað saman í spilliefnakör (í upprunalegum umbúðum) sem staðsett eru í **olíuherbergjum stöðva, Skemmu 2 Búr og á Bílaverkstæði Búr.**

- Úrgangsmálningu og -lakkaföngum sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni auk umbúða frá slíkum efnum.
- Ætilausnir auk umbúða frá slíkum efnum.
- Úrgangslím og -þéttiefni sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni auk umbúða frá slíkum efnum.
- Málmumbúðir sem innihalda hættulegt fast gegndreipt efni (td. aspest), þmt. þrýstihylki.
- Umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim.
- Þurrkum og hlífðarfátnaði sem menguð eru af hættulegum efnum.

Rafgeymar rafhlöður geymasýra (R-flokkur)

Rafgeymum með blýi þ.m.t þurageymum, geymasýru og rafhlöðum er safnað saman í spilliefnakör **staðsett í olíuherbergjum stöðva, Skemmu 2 Búr og á bílaverkstæði Búr, fötur fyrir minni rafhlöður eru í anddyrum stöðva.**

Annað

- Bremmsuklossar sem innihalda asbest.
- Aflagður búnaður sem inniheldur hættulega íhluti. Rafmagns- og rafeindabúnaður sem getur innihaldið rafgeyma og rafhlöður eða annað, tilgreint og merkt sem spilliefni; kvikasilfursrofa, gler frá bakskautslömpum og öðru virku gleri o.s.frv.
- Blönduðum eða flokkuðum úrgangi sem talinn er innihalda hættuleg efni.
- Gleri, plasti eða við sem inniheldur eða er mengaður af hættulegum efnum.

4.3 Flokkun, geymsla og meðhöndlun úrgangs

Úrgangi sem fellur til á Þjórsársvæði er safnað saman til flutnings og förgunar og eða endurvinnslu af viðurkendum aðilum, flokkaður veginn og skráður samkvæmt skilgreindum nöfnum og númerum í grænt bókhald.

4.3.1 Flokkar úrgangs til förgunar

Almennum óflokkuðum úrgangi þ.m.t. heimilissorpi er safnað saman og því komið í förgun einu sinni í viku. Sorptunnur eru við íbúðar og þjónustuhús í Búrfelli, **aukagámar eru staðsettir á útilager BÚR og á stöðvarhúspalli HRA.**

4.3.2 Flokkar úrgangs til endurvinnslu

- Drykkjarfernum, tímaritum, prentpappír og pappambúðum er safnað saman í gám staðsettum **á útilager Búrfelli.**

- Timbri er safnað saman í gám staðsettum á **útilager Búrfelli**.
- Málmum er safnað saman í gám staðsettum á **útilager Búrfelli**.
- Garðaúrgangur (tré, grs, gróður og mold) er notaður til uppgræðslu á svæðinu.
- Matarleifar (grænmeti, eggjaskurn, kartöfluhíði, kaffikorgur ofl.) er vigtað og sett í moltuvél til jarðgerðar staðsettri í **Skemmu 2 Búrfelli**.

4.4 Eldsneytisnotkun

Upplýsingar um magn sem notað er kemur úr grænu bókhaldi einu sinni á ári. Umhverfismarkmið orkusviðs A-44 er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

- Leitast er við að koma í veg fyrir lausagang bifreiða.
- Fólksbílar með mengunarstaðal Eu 3, teknir í notkun.

4.4 1 Olíugeymar

Upplýsingar um olíugeyma er að finna í "Umhverfismál Þjórsársvæði" sem er gæðaskrá í pappírformi staðsett á skrifstofu OAP.

4.5 Rotþrær og olíuskiljur

Rotþrær og olíuskiljur eru skoðaðar samkvæmt viðhaldskerfi DMM sjá starfsleyfi/starfsleyfisskilyrði í "Focal" skjalakerfi LV :[Notes Link](#). Skrá yfir rotþrær og olíuskiljur eru vistaðar á rafrænu formi í skjali "Rotþrær og olíuskiljur OAP" í skjalakerfi LV:[Notes Link](#). Teikningar af rotþróum og olíuskiljum eru vistaðar á rafrænu formi í "Tæknigagnagrunni" OT.

4.6 Námur, haugsvæði og gamlir urðunarstaðir

Staðsetningu, teikningar og myndir er að finna í "Umhverfismál Þjórsársvæði" sem er gæðaskrá í pappírformi staðsett á skrifstofu OAP.

4.7 Landgræðsla

Skógræktarfélag Íslands, Skógræktarfélag Árneseinga og Landsvirkjun gerðu með sér samstarfssamning 1993 : [Notes Link](#) sem tekur meðal annars til faglegrar umsjónar með gróðursetningu og umhirðu lands. Magn áburðar, sáning og plöntun trjáa er skráð í grænt bókhald. Nánari upplýsingar um uppgræðslu á svæðinu t.d. ársskýrslur yfir gróðursetningu er að finna í "Umhverfismál Þjórsársvæði" sem er gæðaskrá í pappírformi staðsett á skrifstofu OAP.

4.8 Aðrir umhverfisþættir sem hægt er að stýra

4.8.1 Vatnsból - staðsetning

Töflu með staðsetningu vatnsbóla Þjórsársvæðis er að finna á rafrænni skjalavistun LV:[Notes Link](#). Vatnsból eru skoðuð skv. viðhaldskerfi DMM.

4.8.2 Rof og setmyndun

Fylgst er með rofi og breytingum á vatnsfarvegum á Þjórsársvæði a.m.k. árlega sjá skjal frá VFR VKL-37" Eftirlit með stýflum og vatnsvegum". Einnig fer fram vöktun á rofi neðan Búrfellsvirkjunar af Landgræðslu ríkisins skv. samningi þar um, upplýsingar eru vistaðar í GUMA og í rafrænu skjalavistunarkerfi Landsvirkjunar.

4.9 Auðlindanotkun

Rekstur virkjana er samkvæmt VKL-85 "Starfsemi viðskiftaborðs", þar er tilgreint að vinnsluáætlanir eru gerðar með tilliti til vatnshæða, stöðu miðlunarlóna og fastbundinna takmarkana á rekstri vatnsvega.

Stöðvarverðir á Þjósársvæði ásamt Stjórnstöð fara eftir LEI-72 (Fastbundnar takmarkanir á Þjósársvæði) í rekstri aflstöðva. Þeir leitast og við að lágmarka á allan hátt sveiflur eða aðra röskun á vatnasvæðum, dýralífi eða annari náttúru svæðisins.

Við bruna, náttúruhamfarir eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður, ber að fara eftir viðhlítandi viðbragðsáætlunum, {...} sjá **Handbók Gæðastjórnunar undir Neyðarstjórn**.

Tilvísanir í skjöl :

EYD-24 Tilkynning um tímabundnar takmarkanir í rekstri
LEI-72 Fastbundnar takmarkanir fyrir stöðvar á Þjósársvæði.
LEI-195 Viðbragðsáætlun vegna olíumengunnar á Þjósársvæði
VKL-37 Eftirlit með stíflum og vatnsvegum
VKL-85 Starfsemi viðskiptaborðs

Dreifing skjals:

Tilvísanir í gæðaskrár :

Handbók Þjósársvæðis

Flokkast í handbækur:

Handbók Þjósársvæðis; ISO-14001 Umhverfishandbók

Kröfur: